

Mál nr. 386/2024
Breyting á deiliskipulagi
Kópavogsbær
Karlotta Helgadóttir, í umboði fyrir Kópavogsbæ



Efni: Tillaga að breyttu deiliskipulagi í Kópavogsdal, Kópavogsbæ

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Kópavogi, sem unnin er af VSÓ Ráðgjöf dags. 29.02.2024.

Vegagerðin hefur yfirfarið innsenda skipulagslýsingu skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, og gerir ekki athugasemdir en vill benda á eftirfarandi.

Vegagerðin óskar eftir að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum.

Á skipulagsuppdættinum er staðsetning auglýsingaskiltis sýnd og vekur Vegagerðin athygli á 90 gr. umferðarlaga, Auglýsingaskilti við veg, varðandi það. Í lagagreininni kemur fram að heimild þurfi frá veghaldara fyrir auglýsingaskiltum sem er beint að vegi veghaldara.

Vegagerðin vekur athygli á ritinu „Vegir og skipulag“ sem unnið var af VSÓ ráðgjöf fyrir og í samvinnu við Vegagerðina og Samband íslenskra sveitarfélaga en ritinu er ætlað að stuðla að skilvirku samráðsferli við skipulagsvinnu þannig að tekið sé nægilegt tillit til samgöngumannvirkja á ábyrgð Vegagerðarinnar. Sjá heimasíðu Vegagerðarinnar.¹

Vegagerðin minnir á ákvæði VI. kafla vegalaga nr. 80/2007 varðandi skipulag og veghelgunarsvæði.

Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein.

Síða 1/1

Vegagerðin
Cecíla Þórðardóttir

¹ http://www.vegagerdin.is/media/upplýsingar-og-utgafa/13259_sk140615_Leidbeiningar.pdf